

Ár 2014, fimmtudaginn 21. ágúst kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 13:00 að Höfðabraut 6, Hvammstanga.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir síðustu funda
2. Ársþing SSNV, undirbúningur
3. Skipulag starfsins, verkefnayfirlit
4. Bréf og kynntar fundargerðir:
  - a) Erindi frá Lögmönnum Laugarvegi, dags. 18. ágúst 2014, um uppsögn atvinnuráðgjafa vegna skipulagsbreytinga.
  - b) Fundargerð SASS 13. ágúst 2014
5. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Farið yfir fundargerðir frá 30. júlí og 1. ágúst 2014 og þær samþykktar.
2. Yfirfarin drög að dagskrá ársþings SSNV sem haldið verður í Húnaþingi vestra 16. – 17. október nk. Starfsmenn og stjórn vinna áfram að undirbúningi með hefðbundnum hætti. Framkvæmdastjóra falið að fara þess á leit við sveitarfélög á starfssvæðinu að þau skipi einn fulltrúa úr hverri sýslu sem vinni með formanni og varaformanni að endurskoðun samþykktar.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnastöðu og helstu verkefnum framundan. Unnið er að skilagögnum vegna verkefna Sóknaráætlunar 2013 og undirbúningi að úthlutun frá Vaxtarsamningi. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir atvinnuráðgjafa með starfsstöð í Húnaþingi vestra en Gudrun Kloes sem gengt hefur starfi þar hyggst láta af störfum á næstunni.
4. Bréf og kynntar fundargerðir. .
  - a) Lagt fram bréf frá Lögmönnum Laugarvegi, dags. 18. ágúst 2014 sem barst 20. ágúst sl. og varðar uppsögn atvinnuráðgjafa vegna skipulagsbreytinga. Framkvæmdastjóra falið að taka saman svar við erindinu í samráði við lögmennt SSNV.
  - b) Fundargerð Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), frá. 13. ágúst 2014, lögð fram til kynningar.
5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:30.